



FÉLAG NÁMS- &  
STARFSRÁÐGJAFNA

# Aðalfundur

Haldinn 29. apríl 2016

Ársskýrsla

# Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2016

## Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar og fagraða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í sal Fríkirkjunnar í Reykjavík þann 17. apríl 2015. Fundarstjóri var Sandra Þóroddsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefnda voru færðar þakkir. Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar. Boðið var upp á léttar veitingar og skemmtiatriði í lok fundar. Að fundi loknum var efnt til sumarveislu. Félagsmenn gátu skráð sig og greitt fyrirfram. Þetta heppnaðist mjög vel, bæði fundurinn og skemmtunin var vel sótt.

Ingibjörg Kristinsdóttir Vinnumálastofnun, Unnur Símonardóttir Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og Olga Sveinbjörnsdóttir í Vallaskóla voru endurkjörnar í stjórn. Ingibjörg Kristinsdóttir var kjörin formaður. Soffía Valdimarsdóttir í Lágafellsskóla, Margrét Björk Arnardóttir Árskóla, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir hjá Mími Símenntun og Guðný Eypórsdóttir voru kjörnar nýjar í stjórn. Úr stjórn gengu Helga Helgadóttir, Ágústa Björnsdóttir, Gréta Matthíasdóttir og Ásthildur Guðlaugsdóttir.

Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir Vinnumálastofnun, Helga Lind Hjartardóttir Mími Símenntun, Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir Vinnumálastofnun, Helga Rúna Þorsteinsdóttir Hofsstaðaskóla og Bjarney Ægisdóttir Fjölbrautaskóla Suðurlands gáfu kost á sér í fræðslunefnd og hlutu kosningu. Úr fræðslunefnd gengu þær Elísabet Pétursdóttir, Lena Dögg Davíðsdóttir og Sigríður Birna Bragadóttir.

Fulltrúum í stjórn og fræðslunefnd eru færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Félagsmenn hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir

og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

- Hrönn Baldursdóttir FÁ og Ásdís Birgisdóttir VMS í kjaranefnd framhaldsskóla.
- Birna Hilmarsdóttir Víðistaðaskóla og Agnes Braga Bergsdóttir Brúarskóla í kjaranefnd grunnskóla.
- Hildur Katrín Rafnsdóttir HÍ í kjaranefnd háskóla.
- Ingibjörg Ebba Björnsdóttir VMST og Ketill Jósefsson VMST í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
- Helga Tryggvadóttir, Olga Sveinbjörnsdóttir Vallaskóla og Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir Oddeyrarskóla í fagráði grunnskóla.
- Sunna Þórarinsdóttir Flensborg, Svanhildur Svavarsdóttir FMOS og Unnur Símonardóttir FG í fagráði framhaldsskóla.
- Gréta Matthíasdóttir HR og Helga Helgadóttir HÍ í fagráði háskóla.
- Elísabet Pétursdóttir Framvegis og Ingibjörg Kristinsdóttir VMST í fagráði atvinnulífsins.
- Margrét Björk Arnardóttir Árskóla fulltrúi FNS í NFSY norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
- Ásta Gunnlaug Briem HÍ, Jónína Kárdal HÍ, Kolbrún Hanna Jónasdóttir Hraunvallaskóla og Ingibjörg Kristinsdóttir VMST í siðanefnd.
- Margrét Björk Arnardóttir Árskóla vefstjóri, Álfhildur Eiríksdóttir Salaskóla og Ester Þorsteinsdóttir í upplýsinga- og samskiptanefnd.
- Helga Tryggvadóttir fyrir stuðning við stjórn FNS í tengslum við stéttarfélagsmál og fleira.
- Guðrún Birna Kjartansdóttir fyrir ráðgjöf og stuðning vegna vinnu að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

## Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári

### Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Soffía Valdimarsdóttir gjaldkeri og Unnur Símonardóttir ritari. Olga Sveinbjörnsdóttir, Margrét Björk Arnardóttir, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Guðný Eypórsdóttir meðstjórnendur. Varastjórn var ekki sérstaklega tilgreind.

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Nokkrir fundanna voru ívið lengri en gengur og gerist enda verkefni stjórnar margþætt og utanaðkomandi erindi fjölmörg. Fulltrúi úr fræðslunefnd var boðaður á flesta fundum stjórnar. Stjórn og fræðslunefnd nota í auknum mæli rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli, má þar helst nefna lokaða hópa á Facebook, Dropbox og Google drive. Í september 2015 boðaði stjórn fulltrúa allra nefnda og ráða FNS á sameiginlegan stefnumótunarfund þar sem línur voru lagðar fyrir starf ársins. Það er mat stjórnar að slíkur fundur reynist vel og hleypi krafti í starf nefnda og ráða.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar
- Ný heimasíða fns.is
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Stefnumótunaráætlun
- Kjara- og hagsmunamál
- Vinna við mat á stofnun stéttarfélags
- Þátttaka í norrænu samstarfi
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Umsóknir um styrki til FNS
- Samskipti við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf
- Endurmenntunarmál
- Ýmis hugmyndavinna í tengslum við kynningarmál, námskeið og stefnumótun, samskipti við KÍ
- Ýmsar ályktanir o.fl.

## 1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagur náms- og starfsráðgjafar var í fyrsta skipti haldinn hátíðlegur 20. október 2006. Þá var ákveðið að stofna til dagsins annars vegar til að kynna náms- og starfsráðgjöf og störf fagstéttarinnar fyrir almenningi og stjórnvöldum og hins vegar til að skapa vettvang til að sameina og efla náms- og starfsráðgjafa. Á þessum degi eru félagsmenn hvattir til að kynna störf sín, birta greinar eða heilræði sem tengjast náms- og starfsráðgjöf í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum eða hvar sem er.

Þetta árið var Dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur í tíunda sinn þann 30. október og má með sanni segja að vel hafi tekist til. Við fengum veglegan stuðning frá góðum hagsmunaaðilum til að bjóða áhugasömum um náms- og starfsráðgjöf á vel sóttu ráðstefnu. Síðastliðið vor hafði Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir hjá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins samband við stjórn FNS vegna útkomu skýrslu NVL og ELGPN um færni í þróun eigin starfsferils A Nordic perspective on career competences and guidance. Hugmynd Gíjju var að nýta dag náms- og starfsráðgjafar til að kynna skýrsluna frekar og tengja við verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar nota í starfi sínu á Íslandi. Hugmyndin varð að veruleika og ákveðið var að blása til ráðstefnu sem Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL), Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Euroguidance, Rannís og FNS stóðu sameiginlega að. Ráðstefnan fékk heitið *Færni til framtíðar - mótun starfsferils*. Dagskrá dagsins var unnin í samvinnu við Gíjju og Sigrúnu Kristínu hjá FRÆ, Dóru hjá Rannís og fræðslunefnd FNS. Allir þessir aðilar lögðu mikla vinnu í að skipuleggja daginn og gera hann sem eftiminnilegastan og þakkar stjórn FNS þeim fyrir frábært samstarf. Frekari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna í kafla fjögur.

Árleg viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar var veitt en áður hafði verið óskað eftir tilnefningum frá félagsmönnum. Að þessu sinni var það Fjóla María Lárusdóttir sem varð fyrir valinu en hún hefur unnið ötullega að því að leiða og móta náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna á símenntunarstöðvunum og verið leiðandi í þróun raunfærnimats.

Davíð S. Óskarson, náms- og starfsráðgjafi lést á árinu. Hans var minnst fáum orðum og eftirlifandi eiginkonu sendar samúðarkveðjur. Davíð starfaði lengst af í Tækniskólanum en hann var einn af frumkvöðlunum í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Davíð hlaut viðurkenningu FNS fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar árið 2013.

## 2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að

vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Félögum FNS hefur staðið ýmislegt til boða í endurmenntunarmálum á liðnu starfsári. Endurmenntun Háskóla Íslands lagði könnun um þörf á endurmenntun fyrir félagsmennárið 2014. Í kjölfarið hefur EHÍ boðið upp á námskeið sem sérstaklega hafa verið sniðin að þörfum náms- og starfsráðgjafa. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar.

Þann 5. júní 2015 var haldið námskeið í samstarfi við EHÍ með styrk frá SEF sem bar heitið Verkefnastjórnun og námstækni á 21. öldinni. Um 60 manns sóttu námskeiðið. Fjallað var um verkefnastjórnun í samhengi við skipulag fyrirtækja eða stofnana þar sem áhersla var lögð á virka þátttöku og hagnýtar aðferðir eins og Corporate Lifecycle og greiningarfundi. Einnig var fjallað um mikilvægustu eiginleika námsmanna 21. aldarinnar og hvernig tæknin nýtist í námi og starfi. Kennarar á námskeiðinu voru Einar Birkir Einarsson og Margrét Björk Arnardóttir.

### **3. Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf**

Í maí 2014 skipaði Mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Guðrún Birna Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi var verkefnastjóri þessa hóps en í honum sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir varðandi náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í samstarfi við helstu hagsmunaaðila og einnig að gera tillögur um uppbyggingu stoðkerfis fyrir ævilanga náms- og starfsráðgjöf. Stuðst var við vinnu og greiningar sem unnar höfðu verið fyrir ráðuneytið síðustu ár og við þá vinnu sem stendur yfir á vegum Evrópusambandsins (elgpn.eu) sem Ísland hefur tekið virkan þátt í frá árinu 2007. Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðum í formi skýrslu til Mennta- og menningarmálaráðuneytis í maí 2015. Í október var skýrslan birt á heimasíðu ráðuneytisins með þeim fyrirvara að ekki hafi verið tekin afstaða til hennar og að ráðuneytið hefði skýrsluna áfram til athugunar. Ítrekað hefur verið reynt að fá upplýsingar úr ráðuneytinu varðandi hvenær afstaða verði tekin til niðurstaðna skýrslunnar og aðgerðir í ljósi þeirra en fátt er um svör.

## 4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

### Fræðsludagskrá FNS 2015-2016

#### 9. Október 2015 - Uppskeruhátíð

Árleg Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf og FNS var haldin 9. október 2015 í Stakkahlíð. Yfirskriftin var: *Lykill að farsælli skólagöngu fjölbreytts nemendahóps*. Á dagskrá voru fjölbreytt erindi sem fjölluðu um náms- og starfsferil og ráðgjöf við fólk frá grunnskólaaldri til fullorðinsára. Eitt af meginþemum að þessu sinni var skuldbinding nemenda til náms og skóla og hvernig hún tengist óígrunduðu náms- og starfsvali, þörf fyrir ráðgjöf og árangri í námi. Jafnframt voru erindi sem fjölluðu um stefnumótun í náms- og starfsfræðslu og um ráðgjöf við fólk sem stendur frammi fyrir miklum hindrunum á náms- og starfsferli.

Rannsóknir nemenda og kennara við námsbrautina gegna lykilhlutverki í eflingu þekkingargrunns greinarinnar og styrkja náms- og starfsráðgjafa í faglegu starfi. Nýbakaðir meistarar leggja þar að auki íslensku samfélagi lið með rannsóknum sínum og aukinni þekkingu á þörfum fólks og því sem gagnast best við náms- og starfsráðgjöf. Á uppskeruhátíðina mættu um 40 manns. Fræðslunefnd FNS sá um veitingar sem voru pantaðar hjá HÍ.

#### 30. október 2015 - Dagur náms- og starfsráðgjafa - Ráðstefnan Færni til framtíðar - mótun starfsferils

Árlega er dagur náms- og starfsráðgjafa haldinn hátíðlegur og að þessu sinni var blásið til veglegrar ráðstefnu í samvinnu við Norræna tengslanetið um menntun fullorðinna (NVL), Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa og FNS. Ráðstefnan fékk yfirskriftina *Færni til framtíðar - mótun starfsferils* og fór fram föstudaginn 30. október sl. Ráðstefnustjóri var María Kristín Gylfadóttir, stjórnandi Erasmus+ áætlunarinnar.

Gífurlegur áhugi var á ráðstefnunni og við lá að þátttakendur sprengdu utan af sér ráðstefnusalinn á Grand hóteli. Tæplega 200 manns sóttu ráðstefnuna og var góður rómur gerður bæði að erindum og pallborði.

Illugi Gunnarsson ávarpaði samkomuna og ræddi meðal annars um hið mikilvæga hlutverk náms- og starfsráðgjafa við að aðstoða fólk sem stendur á krossgötum hvað varðar val á námi eða starfi. Á ráðstefnunni voru frumsýnd ný myndbönd sem kynna störf náms- og starfsráðgjafa sem gaman var að sjá.

Bo Klindt Poulsen flutti fyrirlestur um norræna túlkun á hugtakinu Career Management skills og Guðrún Birna Kjartansdóttir fjallaði um þá vinnu sem fram hefur farið í stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf. Skýrslu byggða á þeirri vinnu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Að lokum var svo pallborð þar

sem þátttakendur deildu reynslu sinni af náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum og úti í atvinnulífinu.

Eftir hádegi var síðan boðið upp á fjölmargar áhugaverðar vinnustofur þar sem kynnt voru fjölbreytt verkefni sem tengjast á einn eða annan hátt náms- og starfsráðgjöf. Má þar nefna hugræna atferlismeðferð, hamingjuþróf, hópráðgjöf, Dale Carnegie, að hvetja til nýsköpunar, nýr vefur um náms og störf, GERT verkefnið og seigla og slökun með börnum. Ráðstefnunni var síðan slitið með léttum veitingum undir tónum Klassart.

#### *9. desember 2015 - Heimsókn í Rannís*

Rannís bauð félagsmönnum FNS í heimsókn miðvikudaginn 9. desember 2015. Þar tóku Dóra Stefánsdóttir, Jón Svanur Jóhannsson ásamt Matthew David Deaves á móti okkur. Við fengum kynningu á síðunni farabara.is en þar er hægt að finna allar upplýsingar fyrir fólk sem er að hugsa um að fara erlendis í nám. Mjög gagnleg síða í því ferli. Við fengum einnig kynningu á þeim styrkjum sem náms- og starfsráðgjöfum stendur til boða hjá Rannís, þ.e. Erasmus+ og Nordplus styrkjum auk íslenskra endurmenntunarsjóða. Það var tekið vel og hlýlega á móti okkur og var boðið upp á léttar veitingar í lokin.

#### *4. febrúar 2016 - Heimsókn í Háskólann í Reykjavík*

Fimmtudaginn 4. febrúar skipulagði Fræðslunefnd FNS heimsókn í Háskólann í Reykjavík. Þar tóku þau Ari Kristinn Jónsson rektor, Gréta Matthíasdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Þórdís Fjóra Halldórsdóttir á móti okkur. Ari sagði okkur meðal annars frá því hvaða nám er í boði í skólanum, hvaða sérstöðu hann hefur og til hvers er horft þegar nemendur eru teknir inn í skólann. Gréta sagði okkur svo frá náms- og starfsráðgjöfinni og hvaða þjónustu þau eru að bjóða upp á þar ásamt því að labba með okkur um húsið og sýna okkur aðstöðu náms- og starfsráðgjafa við skólann. Heimsóknin var fræðandi og skemmtileg í alla staði.

#### *11. mars 2016 - Heimsókn í Vinnumálastofnun*

Föstudaginn 11. mars buðu náms- og starfsráðgjafar hjá Vinnumálastofnun í heimsókn. Mætingin var gríðarlega góð og greinilegt að mikil eftirspurn er innan okkar raða eftir því að við kynnum og kynnumst því fjölbreytta og mikilvæga starfi sem við sinnum vítt og breytt í samfélaginu.

Heimsóknin hófst á því að gestgjafarnir kynntu fyrir okkur deildir og áherslur sem einkenna þeirra starf. Þar kom m.a. fram að mikil áhersla er lögð á gerð ferilskrár, markmiðasetningu og áhugahvetjandi viðtöl. Náms- og starfsráðgjafarnir sérhæfa sig einnig hver á sínu sviði en þannig ná þeir að vinna enn betur með markhópin og efla sjálfa sig í leiðinni. Dæmi um sérhæfingu er HAM, heilsutengd lífsgæði, Seigla, DASS skimunarlistinn og fleira. Það var mjög gott að fá að kíkja í



„verkfærakistuna“ þeirra og sjá að við erum í raun að nota það sama hvar sem við erum en um leið er frábært að vera minntur á verkfærin sem við höfum ekki notað lengi eða höfum aldrei prófað.

Farið var á skemmtilega hátt yfir það hversu mismunandi einstaklingar það eru sem eru undir hatti VMST og sýndu þær raundæmi og leiðir hvernig hægt er að vinna með hvern og einn. Einnig var mjög áhugavert að fá kynningu á því að á vef VMST er að finna tölfræði sem sýnir atvinnuleysi frá mörgum sjónarhornum t.d. atvinnugreinum, færniþörf á vinnumarkaði o.fl. Að lokum þakkaði Hrafnhildur Tómasdóttir sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunarsviðs VMST okkur komuna og bauð upp á veitingar sem voru alls ekki af verri endanum og þar gafst tími til að spjalla og tengjast enn frekar.

Mæting á viðburðina var góð og þá sérstaklega á dag náms- og starfsráðgjafa þar sem ráðstefnan Færni til framtíðar - mótun eigin starfsferils var haldin. Til að auglýsa viðburði var notast við póstlista og heimasíðu félagsins ásamt Facebook síðu þess.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim aðilum sem tóku þátt í viðburðum Fræðslunefndar og buðu fram tíma sinn og þekkingu til að fræða félagsmenn FNS.

Takk fyrir okkur,

Bjarney Sif Ægisdóttir

Helga Lind Hjartardóttir

Helga Rúna Þorsteinsdóttir

Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir

Sandra Þóroddsdóttir

## **5. Greinargerðir fagráða**

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum.

### **Frá fagráði grunnskóla**

Föstudaginn 20. nóvember 2015 boðaði Fagráð grunnskólaráðgjafa til fræðslu- og spjallfundar í Laugalækjarskóla. Borist hafði beiðni til FNS um vettvang til að kynna hlutverk og verklagsreglur Fagráðs eineltismála í grunnskólum sem starfrækt er á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Það var ánægjulegt hversu vel var mætt á fundinn sem var bæði mjög upplýsandi og fróðlegur. Hægt var að fylgjast með og taka þátt í fundinum í gegnum Skype. Þau sem mættu fyrir hönd fagráðs eineltismála í grunnskólum voru Páll Ólafsson, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Erla Ósk Guðjónsdóttir.

### Frá fagráði framhaldsskóla

Fagráð framhaldsskólaráðgjafa hélt fræðslufund fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum mánudaginn 5. október 2015 í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Kristjana Stella Blöndal kom og hélt kynningu á PPS skimunarprófinu, kynnti fyrir okkur ýmsar nýjungar og sköpuðumst heilmiklar umræður í kringum það. Um það bil 25 félagsmenn mættu.

### Frá fagráði háskóla

Fundur í fagráði háskólastigsins var haldinn í Háskólanum í Reykjavík þann 15. október 2015. Góð þátttaka var á fundinum enda kærkomið tækifæri til að ræða um þau málefni sem efst eru á baugi. Megin efni fundarins var umræða um sérúrræði í háskólum og einnig var fjallað um hópráðgjöf og rafræna ráðgjöf. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust á fundinum sem heppnaðist vel.

### Frá fagráði atvinnulífs

Fundur í fagráði atvinnulífsins átti að vera haldinn í byrjun apríl en honum var frestað fram í maí 2016 þegar okkur verður boðið í heimsókn til Samtaka atvinnulífsins.

## **6. Kjara- og hagsmunamál**

Samkvæmt tillögu sem samþykkt var á aðalfundi FNS 2014 var sett á stofn nefnd sem hafði það hlutverk að skoða möguleika félagsmanna FNS hvað varðar stéttarfélagsaðild. Nefndin hóf störf en m.a. í ljósi stöðu kjaramála og stjórnarskipta í FNS lá vinna í nefndinni niðri í nokkurn tíma. Nú eftir áramót var farið að vinna að málinu aftur. Unnið var að upplýsingaöflun og kostir kannaðir. Fundað var með framkvæmdastjóra og formanni BHM annars vegar og formanni KÍ hins vegar. Samstarf hefur verið við Capacent um vinnulag og á næstu dögum verður send út könnun til félagsmanna þar sem þeir verða beðnir um að forgangsraða möglegum kostum. Í framhaldinu mun stjórnin ásamt kjararáðum FNS sitja vinnufund hjá Capacent þar sem farið verður nánar í saumana á málinu.

### Kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla

Ekki barst greinargerð frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla.

### Kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla

Kjararáð framhaldsskóla FNS kannaði síðasta haust árlegan vinnutíma náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Huga þarf að því að semja um nýjan vinnuramma við KÍ því gamli vinnuramminn sem margir miða enn við er ekki í gildi lengur. Því er

mikilvægt að hafa haldgóðar upplýsingar um hvernig vinnutímanum er háttað í framhaldsskólum þegar lögð verða drög að nýjum vinnuramma.

Svör bárust frá 15 framhaldsskólum:

- Allir nema einn starfa frá miðjum ágúst fram í miðjan júní.
- Flestir vinna 15.ág -15.júní (eða 12.ág-12.jún / 20.ág-20.jún / 14.ág-14.jún)
- Tveir vinna frá 15.ág-14.júní
- Í einum skóla er unnið frá verslunarmannahelgi og út júní

Þar sem byrjað er fyrr eða hætt seinna þá er það í samráði við ráðgjafann nema í einu tilfalli. Einn skóli nefndi að yfirvinna kæmi í staðinn en aðrir sögðust hætta fyrr. Í sjö skólum er unnið kl. 8 – 16 á daginn (kom ekki fram hjá hinum). Flestallir vinna eins og kennarar um jól og páska. Á einum stað er þetta óljóst og misjafnt.

Ásdís Birgisdóttir fór fyrir hönd stjórnar á vinnufund með samninganefnd vegna kjarasamninga Félags framhaldsskólakennara. Þeir sem sátu vinnufundinn var stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd FF ásamt Oddi S. Jakobssyni hagfræðingi KÍ og Ingvari Sverrissyni sérfræðingi hjá Aton ráðgjöf. Oddur fór mjög vandlega í gegnum samanburð KÍ hjá ríkinu við aðra hópa. Það kom greinilega fram að FF hafi náð fram mikilli hækkun eftir síðustu kjarasamninga. Að vísu þurfti langt verkfall til að fá þessar hækkanir! Árið 2013 var KÍ með lægstu hækkanir miðað við samanburðarhópa en 2015 með hæstu hækkanirnar. Laun eru því núna svipuð og hjá BHM. Salek samkomulagið gerir að vísu ráð fyrir því að enginn hópur fái meira en 30% launahækkun á tímabilinu 2013 - 2018, ef það reynist rétt munu ekki verða frekari hækkanir.

Kjara- og hagsmunanefnd háskólastigs

Engar breytingar hafa orðið á kjaranefnd háskóla.

Kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífs

Ekki barst greinargerð frá kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífs.

## **7. Norrænt samstarf**

Fulltrúi norræns samstarfs sótti aðalfund NFSY í apríl 2016. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í ferjunni Viking Grace sem siglir á milli Stokkhólms og Turku í Finnlandi. Á fundinum voru fulltrúar norrænu landanna að undanskildum fulltrúum frá Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Auk aðalfundarstarfa sagði hver fulltrúi stuttlega frá þeim málum sem efst eru á baugi í þeirra landi. Skýrslur hvers lands má finna á heimasíðu NFSY [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org)

Nú er svo komið að Ísland er næst í röðinni til að taka við formennsku í NFSY og gerist það með formlegum í hætti á stjórnarfundum í apríl 2017. Fyrsti fundur NFSY á Íslandi verður síðan haldinn í október 2017. Það er heilmikið verkefni að taka við formenskunni og væntir stjórn FNS mikils af þeirri vinnu. Það er ljóst að tengsl við kollega okkar á Norðurlöndunum eru mjög mikilvæg og ýmsar hugmyndir eru uppi um að efla samskipti og samstarf enn frekar t.d. með rafrænum hætti. Þær hugmyndir verða væntanlega ræddar áfram á næsta fundi sem haldinn verður í október 2016, væntanlega í Helsinki. Á heimasíðu FNS er að finna nánari upplýsingar um norræna samstarfið, tengil á heimasíðu NFSY og ársskýrslur aðildarlandanna.

## **8. Siðanefnd**

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafa. Á síðasta aðalfundi 2015 voru Ásta G. Briem, Jónína Kárdal og Kolbrún Hanna Jónasdóttir kosnar í siðanefnd og var Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fulltrúi stjórnar. Tíu ár eru liðin síðan fyrstu siðareglur félagsins voru samþykktar. Eins og segir í inngangi að siðareglunum þá er þeim ætlað „að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi“. Reglunum er einnig ætlað að vera mælikvarði á vöndum vinnubrögð innan fagstéttarinnar.

Siðareglurnar þurfa að vera lifandi verkfæri sem fagstéttin styðst við og stuðla að umræðu. Siðanefndin hefur verið að skoða þátt rafrænnar ráðgjafa í starfi náms- og starfsráðgjafa og hvort tilefni sé til að endurskoða siðareglur FNS með þann þátt í huga. Nefndin átti fund með Salvöru Nordal forstöðumanni Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og leitaði álits hennar. Salvör var reiðubúin að koma á fund náms- og starfsráðgjafa og ræða um siðferðileg viðmið og rafræna ráðgjöf. Siðanefndin leggur til að haldinn verði fræðslufundur á næsta starfsári þar sem þetta málefni verði tekið upp.

## **9. Upplýsinga- og samskiptanefnd**

Starfsárið 2015-2016 var fyrsta starfsár nefndarinnar. Helstu verkefni snéru að vinnu við nýja heimasíðu félagsins þar sem gamla síðan var gerð í kerfi sem hætt var að uppfæra. Emstrur vefsíðugerð sá um gömlu síðuna og var ákveðið að leita til þeirra aftur við endurnýjun og uppfærslu þeirrar nýju. Síðan var kynnt á Degi náms- og starfsráðgjafi í október sl. og hefur smá saman verið að taka á sig þá mynd sem við viljum hafa á henni. Hugmyndin er sú að síðan sé nokkurs konar heimili félagsins þar sem við söfnum saman þeim upplýsingum sem við viljum halda utan um eins og lög

og reglur, skýrslur, fundargerðir og viðburðadagatal auk ýmissa annarra upplýsinga. Einnig er á heimasíðunni umsóknarhnappur þar sem væntanlegir félagsmenn geta sent inn umsókn í félagið. Nefndin hefur auk þess útbúið leiðbeiningar varðandi heimasíðuna sem eru í stöðugri endurnýjun.

Auk þess að setja inn fréttir og viðburði á heimasíðuna sá nefndin um að setja inn ýmsar upplýsingar á Facebook síðu félagsins og hefur skoðað möguleika á að opna Twitter aðgang. Það eru mörg verkefni sem nefnd af þessu tagi getur tekið sér fyrir hendur. Eins og fram hefur komið var áherslan á þessu starfsári á heimasíðugerð en ýmis önnur mál er varða upplýsingaflæði, kynningarmál og samskipti félagsmanna eiga væntanlega eftir að fá meira vægi á næstunni.

## **10. Félagatal og félagsaðild**

Félagatal FNS taldi 301 félagsmann í byrjun nýs starfsárs í apríl 2015. Á þessu starfsári, frá 17. apríl 2015 til 29. apríl 2016 voru 19 félagsmenn nýskráðir á félagatal, 4 félagsmenn óskuðu eftir að vera teknir af félagaskrá og einn félagsmaður var tekinn af félagaskrá vegna andláts. Félagatal FNS telur því 315 félagsmenn í apríl 2016.

Á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökufærlið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Framan af starfsárinu voru nokkrir hnökrar við að óska eftir félagsaðild með rafrænni skráningu en eftir að heimasíðan var uppfærð er þetta komið í lag. Vakin er athygli á því að í 4. grein laga félagsins, lið a., segir að fullgildir félagsmenn teljist þeir einir sem hafa löggildingu starfsheitisins frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Óskað var eftir yfirliti frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá september 2014 til desember 2015, yfir útgefin leyfisbréf til einstaklinga til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Áður hafði stjórn FNS fengið yfirlit yfir þá sem fengið höfðu leyfisbréf frá gildistöku laganna um náms- og starfsráðgjafa til og með ágúst 2014 og hafa umsjónarmenn félagatals og póstlista unnið að því að uppfæra upplýsingar um félagsmenn. Nokkuð var um að þeir sem höfðu komið inn í félagið á undanförunum árum sem nemar, uppfærðu ekki upplýsingar um námslok, leyfisbréf og nýjar starfsstöðvar. Á yfirstandandi starfsári hefur verið unnið að því að uppfæra upplýsingar um félagsmenn meðal annars um þá sem eru með leyfisbréf.

Í síðustu ársskýrslu var talað um að til stæði að gera félagatalið sýnilegt á heimasíðu FNS. Stjórn FNS fékk ábendingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að óheimilt sé samkvæmt persónuverndarlögum að

birta persónugreinanlegar upplýsingar sem rekja megi til tiltekins einstaklings nema með leyfi persónuverndar. Stjórn FNS hefur því í hyggju að birta nöfn þeirra félagsmanna á heimasíðu FNS, sem hafa leyfisbréf Mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi, án kennitölu eða annara persónugreinanlegra upplýsinga eins og starfsstöð eða heimilisfangs, líkt og margar fagstéttir gera á sínum heimasíðum. Engu að síður mun stjórn FNS halda áfram að halda utan félagatalið á lokuðu svæði.

Póstlisti félagsins er sjálfstætt fyrirbæri á vegum Advania og hefur hann nú verið samræmdur félagatali og hafa því eingöngu lögmætir félagsmenn aðgang að honum. Umsjónarmaður félagatals sér einnig um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Mætti ætla að það væri metnaðarmál félagsmanna að skráning þeirra sé sem réttust og að hún endurspegli menntun og stöðu ásamt upplýsingum um starfsvettvang og rétt póstfang. Hagræði réttra skráninga felst einnig í því að upplýsingar um fjölda félagsmanna og dreifingu starfa í atvinnulífinu er til staðar ár frá ári. Að lokum má benda á að í ljósi umræðna um hugsanlega stofnun stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa er mikilvægt að þessar upplýsingar séu fyrir hendi.

Í dag er 221 félagsmaður af 315 skráður með leyfisbréf. Í ljósi lögverndunarinnar er það jákvætt að félagsmönnum með leyfisbréf hefur fjölgað um 30 frá síðasta starfsári eða 11 umfram nýskráða. Enn hafa 94 félagsmenn ekki sótt um leyfisbréf en af þeim eru 19 skráðir nemar. Eru þeir eindregið hvattir til að afla sér leyfisbréfs til að bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og að tilkynna það til stjórnar FNS. Jafnframt eru þeir sem komu inn í félagið sem nemar hvattir til að afla sér leyfisbréfs strax að námi loknu.

Athygli vekur að 65 handhafar leyfisbréfa eru ekki félagsmenn í FNS. Af þeim hafa 20 verið í félaginu en á síðastliðnum fimm árum ýmist óskað eftir að hætta í félaginu eða verið teknir af félagatali vegna vangaldinna árgjalda. Vonandi sjá þeir utanfélagsmenn sem eru starfandi náms- og starfsráðgjafar sér hag í því að vera í FNS í framtíðinni t.d. ef til stéttarfélagsmyndunar skyldi koma. Með því að bæta vefinn og félagatalið er verið að reyna að fá sem skýrasta mynd af stéttinni, fag- og fræðilekkingu hennar ásamt fjölda þeirra sem mega kalla sig náms- og starfsráðgjafa.

## **11. Fjárreiður og félagsgjöld**

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2015 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru 1.382.500 og jukust um 137.500 frá fyrra ári. Tekjuaukning þessi skýrist af hækkun félagsgjalda milli ára. Tekjur vegna styrkja hækkðu um 77.000 kr. Hagnaður af rekstrinum jókst einnig frá fyrra ári og nam kr.

520.254.Rekstrarkostnaður ársins hækkaði lítillega milli ára þó ekki umfram verðþróun á vöru og þjónustu. Sjá nánar í sérriti um ársreikning félagsins.

## 12. Styrkir

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

## 13. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að fjölmörgum öðrum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) Fundir með stjórnendum Verkiðnar í tengslum við stóru framhaldsskóla kynninguna sem haldin verður í haust í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina.
- b) Rýnihópavinna hjá KÍ vegna samstarfs við Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar.
- c) Hugmyndavinna vegna bæklingagerðar.
- d) Vinnufundur samninganefndar vegna kjarasamninga Félags framhaldsskólakennara.
- e) Stefnumótunarvinna vegna *“Grunnur að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf”*
- f) Staðið vörð um störf náms- og starfsráðgjafa með því að senda bréf á skóla þar sem einstaklingar án leyfisbréfs eða menntunar í náms- og starfsráðgjöf starfa.
- g) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöðin hefur stutt dyggilega við bakið á félaginu og kunnum við henni þakki. Þetta árið hefur Evrópumíðstöðin m.a. styrkt gerð kynningarmyndbanda. Á döfinni er að búa til fleiri myndbönd ásamt kynningarbækling fyrir náms- og starfsráðgjöf.
- h) Þátttaka FNS á fundi SEF (samstarf um endurmenntun framhaldsskóla).

## Lokaorð

Nú er 36. starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa að ljúka og mínu fyrsta ári sem formaður félagsins. Ég myndi segja að árið hafa verið allt í senn - fjölbreytt, krefjandi, gefandi og einstaklega lærdómsríkt. Ýmis áhugaverð verkefni hafa verið unnin og mörg aðkallandi verkefni bíða úrlausnar. Má þar helst nefna ímyndar- og kynningarmál en sýnileiki stéttarinnar vefst augljóslega fyrir mörgum. Í vetur birtust áhugaverðar greinar frá félagsmönnum í dagblöðum landsins þar sem meðal annars er fjallað um mikilvægi náms- og starfsráðgjafa. Við í okkar fagstétt vitum að náms- og starfsráðgjöf er mikilvæg en stundum spyr maður sig hvort aðrir viti það? Við vitum að hún er mikilvæg til að koma í veg fyrir brotthvarf, til að efla trú á eigin færni og efla þannig hvern einstakling til að öðlast betri þekkingu á sjálfum sér og ekki síst vegna þess að námsframboð hefur aukist á síðustu árum og eðli vinnumarkaðar breyst með þeim hætti að náms- og starfsval er flóknara en áður. Einstaklingar hafa því stóruka þörf fyrir sí- og endurmenntun og ráðgjöf þar að lútandi.

Til að vera samkeppnishæf á vinnumarkaði þurfum við að vera enn virkari í að kynna störf okkar, þjónustu og fyrir hvað við stöndum. Við höfum þá færni, þekkingu og getu sem þarf til að veita ráðgjöf í breyttum heimi hvort sem er innan menntakerfis eða atvinnulífs. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að efla samvinnu, draga fram atburði og auka sýnileika í fjölmiðlum. Þannig getum við styrkt innviði og stoðir okkar fagstéttar sem endurspeglast í meiri samheldni og sterkari stétt út á við. Við eigum því ekki að láta raddir sem telja sig geta stokkið inn á okkar vettvang með upphafningu og rógburði letja okkur heldur styrkja.

Í ljósi ofangreinds þurfum við að halda áfram að standa vörð um lögverndun starfsheitis okkar. Nokkuð hefur borið á að einstaklingar starfi sem náms- og starfsráðgjafar án leyfisbréfs og jafnvel án tilskyldar menntunar. Stjórn FNS hefur brugðist við þessu með því að senda bréf á stjórnendur þeirra stofnanna sem um ræðir þar sem lög og reglur um náms- og starfsráðgjöf er kynnt og óskað er eftir að stöðu einstaklings sé breytt eða auglýst sé eftir náms- og starfsráðgjafa.

Þetta allt leiðir til annars mikilvægs verkefnis sem við stöndum frammi fyrir, vinnu að innleiðingu skýrslunnar um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf sem greint er frá hér að framan. Okkur í stjórn FNS þykir ásamt fleirum, dapurt að ekki hafi verið unnið markvisst með stefnuna eftir að skýrslunni var skilað inn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Nauðsynlegt er að stjórnvöld átti sig á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa fyrir einstaklinga og samfélagið allt og viðurkenni skýrsluna sem stefnu. Við teljum tímabært að taka forystuna um málið og höfum ásamt Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra. Við hlökkum til að takast á við þetta verkefni og munum leyfa félagsmönnum að fylgjast með gangi máli.



Annað stórt verkefni sem liggur fyrir eru kjaramálin. Á næstu vikum verður send út könnun þar sem óskað verður eftir álitum félagsmanna á mismunandi kostum um sameiginlegt stéttarfélag. Í framhaldinu munu ráðgjafar frá Capacent taka saman niðurstöður og funda með stjórn og kjararáðum FNS. Við gerum ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið fyrir næsta aðalfund.

Það er ýmislegt fleira áhugavert á döfinni á næstunni líkt og stóra framhaldsskólakynningin í haust og svo stefnum við á hópferð á alþjóðlegu náms- og starfsráðgjafarráðstefnu IAEVG í Madrid í nóvember á þessu ári. Á næsta ári mun FNS taka fagnandi við formannssæti norrænu náms- og starfsráðgjafa samtakanna NFSY sem þýðir að við munum halda utan um norræna starfið og skipuleggja fundi í tengslum við það. Það bíða okkar því mörg spennandi og krefjandi verkefni næsta stjórnarárið.

Það hefur verið mér sönn ánægja að starfa fyrir FNS í vetur þó svo ég hafi endrum og eins spurt sjálfa mig hvað ég hafi verið að hugsa þegar ég tók að mér formannshlutverkið. Langar mig því að nýta tækifærið og þakka félagsmönnum fyrir jákvæð viðbrögð og það traust sem mér hefur verið sýnt.

Ég vil þakka stjórninni fyrir frábært samstarf og framlag í vetur, einnig þakka ég fræðslunefnd, upplýsinganefnd, siðanefnd, kjaranefndum og fagráðum fyrir vel unnin störf. Að lokum þakka ég vinnustaðnum mínum, Vinnumálastofnun fyrir góðan stuðning og þann sveigjanleika sem fylgir formannshlutverkinu.

Reykjavík, 29. apríl 2016

Ingibjörg Kristinsdóttir  
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa